Reykjanesbær, 13. nóvember 2026

729. fundur bæjarstjórnar Reykjanesbæjar haldinn að Grænásbraut 910
17. nóvember 2026, kl. 17:00

DAGSKRÁ

1. **Fundargerðir bæjarráðs 5. og 12. nóvember 2026 (2026010008)**
2. **Fundargerð skipulagsráðs 6. nóvember 2026 (2026010016)**
3. **Fundargerð velferðarráðs 12. nóvember 2026 (2026010017)**
4. **Fundargerð atvinnu- og hafnarráðs 12. nóvember 2026 (2026010009)**
5. **Fundargerð menntaráðs 13. nóvember 2026 (2026010013)**
6. **Uppbygging og úrbætur í leikskólum - stöðumat og forgangsröðun - fyrirspurn (2026090393)**
7. **Stefna og viðbragðsáætlun Reykjanesbæjar gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi, EKKO – fyrri umræða (2026100258)**

Fundargerð

1587. fundur bæjarráðs Reykjanesbæjar, fundarstaður
5. nóvember 2026, kl. 08:00

Viðstaddir:

Gunnlaugur Kárason formaður, Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir, Hjörtur M. Guðbjartsson, Kristján Pétur Kristjánsson og Margrét Þórarinsdóttir.

Að auki sátu fundinn Vilhjálmur Árnason bæjarstjóri og Hrefna Gunnarsdóttir ritari.

Guðný Birna Guðmundsdóttir boðaði forföll, Hjörtur M. Guðbjartsson sat fyrir hana.

* * *

1. **Vinna umbóta- og hagræðingarteymis (2026070070)**

   Fannar Jónasson ráðgjafi og Regína Fanný Guðmundsdóttir, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs, sitja fundinn undir þessum dagskrárlið.

   Umræður um stöðu verkefna umbóta- og hagræðingateymis.

2. **Fjárhagsáætlun og fjárreiður Reykjanesbæjar (2026070036)**

   Regína Fanný Guðmundsdóttir, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs situr fundinn undir þessum dagskrárlið.

   Guðlaugur Helgi Sigurjónsson, sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs, Margrét Lilja Margeirsdóttir deildarstjóri umhverfismála og Erla Bjarný Gunnarsdóttir lögfræðingur umhverfis- og framkvæmdasviðs komu inn á fundinn undir málefnum almenningssamgangna og jarðvegslosunarsvæðis.

   Guðlaugur Helgi Sigurjónsson, sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs og Magnþór Breki Ragnarsson verkefnastjóri viðhalds og nýframkvæmda komu inn á fundinn undir málefnum umhverfis- og framkvæmdasviðs – fjárfestingaráætlun 2027.

   Lögð fram minnisblöð með tillögum að gjaldskrá fyrir almenningssamgöngur og móttökugjald á nýju jarðvegslosunarsvæði.

   Bæjarráð samþykkir tillögur að gjaldskrárbreytingum fyrir almenningssamgöngur sem taka eiga gildi 1. janúar 2027 og tillögur að móttökugjaldi fyrir jarðvegslosunarsvæði sem taka á gildi 1. mars 2027.

3. **Þjónustugjald vegna fráveitu - samningur við Isavia (2026110023)**

Aron Heiðar Steinsson veitustjóri og Guðlaugur Helgi Sigurjónsson, sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs sitja fundinn undir þessum dagskrárlið.

Lögð fram drög að samningi milli Isavia ohf. og Reykjanesbæjar um þjónustugjald vegna móttöku og hreinsunar skólps frá öryggissvæði A á Keflavíkurflugvelli.

Bæjarráð samþykkir samninginn 5-0 og felur Guðlaugi H. Sigurjónssyni sviðsstóra umhverfis- og framkvæmdasviðs að undirrita hann fyrir hönd Reykjanesbæjar.

4. **Knattspyrnudeild U.M.F.N - umsókn um tækifærisleyfi (2026110040)**

   Erindi Sýslumannsins á Suðurnesjum vegna umsóknar um tækifærisleyfi. Bæjarráð samþykkir erindið fyrir sitt leyti.

5. **Sameiginlegt átak um verðstöðugleika (2026110025)**

   Lagt fram.

6. **Bílastæðasjóður Reykjanesbæjar - gjaldskrá (2026110047)**

   Guðlaugur Helgi Sigurjónsson, sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs, Margrét Lilja Margeirsdóttir deildarstjóri umhverfismála, Erla Bjarný Gunnarsdóttir lögfræðingur umhverfis- og framkvæmdasviðs og Regína Fanný Guðmundsdóttir, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs sitja fundinn undir þessum dagskrárlið.

   Lagt fram minnisblað um gjaldskrá bílastæðasjóðs.

   Stjórn bílastæðasjóðs samþykkir tillögur að gjaldskrá sem taka á gildi 1. janúar 2027.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 09:56.

Fundargerð

1588. fundur bæjarráðs Reykjanesbæjar, fundarstaður Grænásbraut 910,
12. nóvember 2026, kl. 08:00

Viðstaddir:

Gunnlaugur Kárason formaður, Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir, Hjörtur M. Guðbjartsson, Kristján Pétur Kristjánsson og Margrét Þórarinsdóttir.

Að auki sátu fundinn Vilhjálmur Árnason bæjarstjóri og Hrefna Gunnarsdóttir ritari.

Guðný Birna Guðmundsdóttir boðaði forföll, Hjörtur M. Guðbjartsson sat fyrir hana.

* * *

1. **Fjárhagsáætlun og fjárreiður Reykjanesbæjar (2026070036)**

   Lögð fram drög að fjárhagsáætlun Reykjanesbæjar 2027.

2. **Fasteignir og þróunarreitir í eigu Reykjanesbæjar (2026110196)**

   Guðlaugur Helgi Sigurjónsson, sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs og Unnar Steinn Bjarndal bæjarlögmaður sitja fundinn undir þessum dagskrárlið.

   Lögð fram minnisblöð frá eignaumsýslu varðandi mögulega sölu fasteigna og gerð áhugakannana á þróunarreitum í eigu Reykjanesbæjar.

   Bæjarráð felur bæjarlögmanni að vinna málið áfram í samvinnu við sviðsstjóra umhverfis- og framkvæmdasviðs í samræmi við umræður á fundinum og felur bæjarlögmanni að undirbúa drög að auglýsingum og leggja fyrir bæjarráð áður en þær fara í birtingu.

3. **Snjallveita Reykjanesbæjar (2026080313)**

   Aron Heiðar Steinsson veitustjóri og Guðlaugur Helgi Sigurjónsson, sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs, sitja fundinn undir þessum dagskrárlið.

   Lagt fram erindi um stofnun Snjallveitu Reykjanesbæjar sem hefði ábyrgð á snjallinnviðum í götu- og almenningsrýmum sveitarfélagsins.

   Bæjarráð samþykkir undirbúning að stofnun Snjallveitu Reykjanesbæjar undir umsjón veitustjóra. Bæjarráð vísar erindinu til fjárhagsáætlunargerðar 2027.

4. **Tímabundið úrræði við Njarðvíkurskóla (2026110197)**

   Lagt fram minnisblað varðandi tímabundið félagsmiðstöðvarstarf við Njarðvíkurskóla sem verði endurmetið í janúar 2027.

Bæjarráð samþykkir 5-0 fjárhæð 1.500.000,- til að styrkja félagsstarf í Njarðvíkurskóla tímabundið.

Fjárhæðinni verður mætt með viðauka við fjárhagsáætlun 2026 á Tómstundamiðstöð 06330-4990 á móti útsvarstekjum umfram áætlun 00010-0020.

5. **Minningarreitur um brunann í Skildi – ósk um viljayfirlýsingu (2026110148)**

   Lagt fram erindi frá Hollvinasamtökum um minningarreitinn um brunann í Skildi þar sem óskað er eftir viljayfirlýsingu Reykjanesbæjar vegna afnota á svæði við minningarreitinn.

   Bæjarráð fagnar erindinu og felur Vilhjálmi Árnasyni bæjarstjóra að undirrita viljayfirlýsinguna.

6. **Fundargerðir svæðisskipulagsnefndar Suðurnesja 21. maí og 29. október 2026 (2026030004)**

   Lagðar fram til kynningar fundargerðir svæðisskipulags Suðurnesja.

   Óskað er eftir því að sveitarstjórnir aðildarsveitarfélaganna tilnefni fulltrúa í sameiginlegan starfshóp um kortlagningu mögulegra svæða fyrir móttöku mengaðs jarðvegs á Suðurnesjum. Gunnar Kristinn Ottósson skipulagsfulltrúi er tilnefndur fyrir hönd Reykjanesbæjar og sem varamaður Margrét Lilja Margeirsdóttir deildarstjóri umhverfismála. Bæjarráð óskar eftir að báðir aðilar sem eru tilnefndir sitji fundi starfshópsins.

7. **Fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 30. október 2026 (2026010670)**

   Lagðar fram til kynningar fundargerðir stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

8. **Fundargerðir heilbrigðisnefndar Suðurnesja 2. og 5. nóvember 2026 (2026020138)**

   Lagðar fram til kynningar fundargerðir heilbrigðisnefndar Suðurnesja.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:22.

Fundargerð

400. fundur skipulagsráðs Reykjanesbæjar, fundarstaður Grænásbraut 910
6. nóvember 2026, kl. 08:15

Viðstaddir: Gunnar Felix Rúnarsson formaður, Aðalgeir Jónsson, Halldór Rósmundur Guðjónsson, Jón Már Sverrisson og Róbert Jóhann Guðmundsson.

Að auki sátu fundinn Guðlaugur H. Sigurjónsson sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs, Erla Bjarný Gunnarsdóttir lögfræðingur, Margrét Lilja Margeirsdóttir deildarstjóri umhverfismála og Aðalheiður Ósk Gunnarsdóttir ritari.

Hjörtur Magnús Guðbjartsson boðaði forföll og sat Halldór Rósmundur Guðjónsson fundinn í hans stað.

Guðlaugur H. Sigurjónsson vék af fundi kl. 08:30.

* * *

1. **Vogshóll - Sjónarhóll - frumdrög að breytingu deiliskipulags (2026030326)**

   Kanon arkitektar leggja fram drög að breytingu á deiliskipulagi fyrir hönd atNorth. Lóðirnar Sjónarhóll 2a, b og c eru sameinaðar í stærri lóð. Nýtingarhlutfall lækkað og óskað eftir að hámarkshæð byggingar á lóð hækki úr 10 m. í 17-18 m.

   Afgreiðslu frestað.

2. **Ásahverfi - breyting á deiliskipulagi (2026080123)**

   JeES arkitektar leggja fram drög að breytingu á deiliskipulagi fyrir hönd Reykjanesbæjar. Óskað er heimildar til að kynna drögin fyrir íbúum áður en lögformlegt kynningarferli hefst. Jafnframt er óskað eftir að lokað verði fyrir úthlutun lóða í hverfinu á meðan tekin er afstaða til deiliskipulagsbreytinga.

   Skipulagsráð samþykkir heimild til að hefja forkynningu og stöðva úthlutun lóða tímabundið.

3. **Bergvík - nýtt deiliskipulag (2026010494)**

   Suðurnesjabær óskar umsagnar um tillögu að deiliskipulagi Bergvíkur.

   Skipulagsráð ítrekar fyrri umsögn Reykjanesbæjar dags. 2. júní 2026 um vinnslutillögu:

   Reykjanesbær leggur áherslu á iðnað sem samræmist íbúðabyggð í Reykjanesbæ. Uppbygging iðnaðar skal uppfylla skilyrði um bestu aðgengilegu tækni (BAT) og lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998. Mikilvægt er að íbúum í nágrenni iðnaðarsvæðis verði tryggð heilnæm lífsskilyrði og njóti heilnæms og ómengaðs umhverfis, í samræmi við markmið laganna. Ráðið gerir alvarlegar athugasemdir við áætlaðan reykháf

sem skv. gögnum gæti trónað í 150 m. hæð yfir sjó og þar með myndað helsta kennileitið á Reykjanesi. Einnig óskar ráðið eftir samtali milli Reykjanesbæjar og Suðurnesjabæjar um fráveitumál svæðisins ásamt vegtengingum á milli sveitarfélaganna.

4. **Heiðarbraut 13 - viðbygging (2026100294)**

   Bergþór Bjarkarsson óskar eftir heimild til að reisa um 31 m² viðbyggingu sbr. uppdrátt Mannvirkja og malbiks dags 20. ágúst 2026.

   Skipulagsráð samþykkir erindið með fyrirvara um grenndarkynningu án athugasemda skv. 44. grein skipulagslaga, málsgrein 2.

5. **Hæðargata 7 - viðbygging (2026100237)**

   Grétar Gíslason óskar eftir heimild til að reisa um 28 m² viðbyggingu sbr. uppdrátt Riss verkfræðistofu dags 23. júní 2026.

   Skipulagsráð samþykkir erindið með fyrirvara um grenndarkynningu án athugasemda skv. 44. grein skipulagslaga, málsgrein 2.

6. **Faxagrund 20 - stækkun á lóð (2026110003)**

   Sjens ehf. óskar eftir lóðarstækkun vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar á svæðinu sbr. drög að lóðarblaði frá Verkfræðistofu Suðurnesja dags 30. október 2026.

   Uppfæra þarf gögn. Afgreiðslu frestað.

7. **Flugvellir - þróunarsvæði (2026100332)**

   Reykjanes Investment ehf. óskar eftir þróunarsamningi um spildu á Flugvöllum sem samkvæmt gildandi deiliskipulagi er ætlað fyrir geymslu á stærri ökutækjum. Á spildunni kæmi verslunar- og þjónustubygging.

   Skipulagsráð hafnar erindinu.

8. **Valhallarbraut 868 - framkvæmdaleyfi (2026060047)**

   Verne Global ehf. endurnýjar umsókn um framkvæmdaleyfi til að fara í jarðvinnu við nýtt gagnaver á 24.000 m² lóðinni Valhallarbraut 868. Framkvæmdaleyfi með gildistíma til 26. október var samþykkt á 391. fundi skipulagsráðs, óskað er eftir framlengingu á gildistíma til loka febrúar 2027.

   Skipulagsráð samþykkir erindið skv. 13. gr. og 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga.

9. **Sólbrekka – beiðni um þróunarsamning (2026100267)**

   Lagt fram erindi frá Sólbrekku ehf. um þróunarsamning til 24 mánaða um landsvæði við og í kringum Seltjörn. Bæjarráð vísaði erindinu til umsagnar í umhverfis- og framkvæmdaráði, íþrótta-, tómstunda- og menningarráði og skipulagsráði.

   Skipulagsráð gerir ekki athugasemd við fyrirhugaða landnýtingu en vísar til samkomulags við Jarðvang um sama svæði. Mikilvægt er að uppbygging taki tillit til núverandi starfsemi á svæðinu og aðgengis almennings.

10. **Fundargerð umhverfis- og framkvæmdaráðs 16. október 2026 (2026060411)**

    Fundargerð 5. fundar umhverfis- og framkvæmdaráðs lögð fram til kynningar.

11. **Fundargerð svæðisskipulagsnefndar Suðurnesja 21. maí 2026 (2026030004)**

Fundargerð 58. fundar svæðisskipulagsnefndar Suðurnesja lagðar fram til kynningar.

12. **Völuás 9 - lóðarumsókn (2026090307)**

    Ævar Valgeirsson sækir um lóðina Völuás 9 með skilyrðum um lægri gatnagerðargjöld og breytingu á deiliskipulagi svo húsið verði á einni hæð.

    Skipulagsráð hafnar erindinu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 09:40.

Fundargerð

459. fundur velferðarráðs Reykjanesbæjar, fundarstaður Grænásbraut 910
12. nóvember 2026, kl. 13:00

Viðstaddir: Ólöf Steinunn Lárusdóttir formaður, Alma Guðnadóttir, Bjarni Halldór Heiðuson, Halla Karen Guðjónsdóttir og Hermann Borgar Jakobsson.

Að auki sátu fundinn María Rós Skúladóttir sviðsstjóri velferðarsviðs, Hera Ósk Einarsdóttir fráfarandi sviðsstjóri velferðarsviðs, Hilma Hólmfríður Sigurðardóttir teymisstjóri virkni- og ráðgjafarteymis, Margrét Arnbjörg Valsdóttir teymisstjóri öldrunar- og stuðningsþjónustu, Ólafur Garðar Rósinkarsson verkefnastjóri í málefnum fatlaðs fólks og Aðalheiður Ósk Gunnarsdóttir ritari.

Aðalheiður Hilmarsdóttir boðaði forföll og sat Bjarni Halldór Heiðuson fundinn í hennar stað.

* * *

1. **Mælaborð velferðarsviðs - 9 mánaða uppgjör (2026020247)**

   Hera Ósk Einarsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs kynnti mælaborð sviðsins fyrir janúar-september 2026.

2. **Fjárhagsáætlun velferðarsviðs 2027 (2026070036)**

   Hera Ósk Einarsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs fór yfir vinnu við gerð fjárhagsáætlunar sviðsins fyrir árið 2027.

3. **Fjárhagsaðstoð - breyting á grunnfjárhæð (2026110185)**

   Hilma Hólmfríður Sigurðardóttir, teymisstjóri virkni- og ráðgjafarteymis, lagði fram tillögu um að grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar Reykjanesbæjar til framfærslu hækki um 11.457 kr. á mánuði, eða um 5,6% frá og með 1. janúar 2027. Samkvæmt 4. mgr. 11. gr. reglna Reykjanesbæjar um fjárhagsaðstoð tekur grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar mið af neysluvísitölu og er endurskoðað árlega af velferðarráði í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar. Tillaga að hækkun grunnfjárhæðarinnar er lögð fram á þessum grundvelli.

   Velferðarráð samþykkir tillögu um hækkun grunnfjárhæðar fjárhagsaðstoðar fyrir sitt leyti og vísar henni til afgreiðslu bæjarráðs.

4. **Fjölsmiðjan á Suðurnesjum - breytingar á húsnæði og rekstrarkostnaður (2026110187)**

   Erindi Fjölsmiðjunnar á Suðurnesjum lagt fram. Óskað er eftir að sveitarfélögin á Suðurnesjum taki til skoðunar hækkun á árlegum framlögum sínum til starfseminnar og veiti styrk vegna kostnaðar við fyrirhugaðan flutning Fjölsmiðjunnar í stærra húsnæði, almennrar hækkunar á rekstrarkostnaði og aukinnar þjónustuþarfar.

   Velferðarráð vísar erindinu til fjárhagsáætlunargerðar velferðarsviðs.

5. **Framkvæmd sérstaks húsnæðisstuðnings - uppfærðar leiðbeiningar (2026110189)**

   Félags- og húsnæðismálaráðuneytið hefur gefið út uppfærðar leiðbeiningar fyrir sveitarfélög um framkvæmd sérstaks húsnæðisstuðnings. Í þessari viðbót felst sú breyting frá gildandi fyrirkomulagi opinbers húsnæðisstuðnings að öllum sveitarfélögum verður frá og með næstu áramótum skylt að veita sérstakan húsnæðisstuðning. Jafnframt er það nýmæli í lögum að sveitarfélög skuli veita foreldrum eða forsjáraðilum 15-17 ára barna, sem leigja herbergi á heimavist eða námsgörðum vegna náms fjarri lögheimili, húsnæðisstuðning.

   Reykjanesbær hefur þegar innleitt þessi ákvæði í sínar reglur skv. útgefnum leiðbeinandi reglum ráðuneytisins og því er hér ekki um að ræða breytingar hjá Reykjanesbæ hvað þetta varðar.

6. **Samræmd grunnskráning félagsþjónustu – stafræn verkefni framundan (2026110061)**

   Félags- og húsnæðismálaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga vinna sameiginlega að því að hrinda í framkvæmd framtíðarsýn um stafræna þróun og gagnamál í félagsþjónustu sveitarfélaga. Verkefnið sem ber heitið *Samræmd grunnskráning félagsþjónustu* er hluti af stefnu um opinbera þjónustu og felur í sér tilgreindar aðgerðir á aðgerðaáætlun þeirrar stefnu 2026-2029. Markmiðið með samræmdri skráningu grunngagna um lögbundna félagsþjónustu sveitarfélaga er að tryggja að gögn sveitarfélaga séu samanburðarhæf og aðgengileg fyrir yfirlit og tölfræðivinnslu á landsvísu.

   Til að styðja sveitarfélög við þessa innleiðingu munu félags- og húsnæðismálaráðuneytið og Jöfnunarsjóður sveitarfélaga veita fjárhagslegan stuðning til að mæta áskriftarkostnaði sem fellur til hjá sveitarfélögum vegna skráninga upplýsinga sveitarfélaga í sameiginlegan gagnagrunn félagsþjónustu sveitarfélaga. Stuðningurinn verður veittur til ársloka 2028 og er háður því að sveitarfélög innleiði viðeigandi þjónustukerfi, skrái þar upplýsingar um veitta þjónustu og skili samræmdum grunngögnum inn í miðlæga gagnaþjónustu.

   Velferðarsvið er að hefja kortlagningu og greiningu á þeim þörfum sem þarf að mæta til að Reykjanesbær geti tekið þátt í þessari samræmdu grunnskráningu í félagsþjónustu.

7. **SES - Samvinna eftir skilnað - innleiðing á velferðarsviði (2026110191)**

   Hera Ósk Einarsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs kynnti verkefnið SES – Samvinnu eftir skilnað, sem er stafrænt velferðarúrræði fyrir börn, foreldra og fagfólk í tengslum við skilnað eða sambúðarslit foreldra. SES var innleitt á Íslandi 2020 að danskri fyrirmynd og voru þá átta sveitarfélög sem tóku þátt í innleiðingunni á tilraunastigi og varð úrræðið landsdekkandi frá árinu 2021 þegar aðgangur að fræðsluefni SES var útvíkkað og náði til íbúa allra sveitarfélaga á Íslandi.

   Samkvæmt félagsþjónustulögunum er eitt af hlutverkum félagsþjónustu sveitarfélaga að veita skilnaðarráðgjöf og er SES ráðgjöfin gott verkfæri inn í þá þjónustu. Nú hafa ráðgjafar á velferðarsviði sótt sér fræðslu og réttindi til að geta veitt SES-Pro ráðgjöf og er hafinn undirbúningur að innleiðingu þessarar þjónustu. Danskar rannsóknir hafa sýnt verulegan ávinning fyrir foreldra og börn af notkun SES, m.a. á streitu, kvíða, þunglyndi, ágreining og aðlögun fólks að skilnaði.

8. **Fundargerð Samtakahópsins 21. október 2026 (2026020246)**

   Fundargerð Samtakahópsins lögð fram.

Velferðarráð þakkar Samtakahópnum fyrir mikilvægt samstarf um forvarnir og farsæld barna og ungmenna. Ráðið lýsir ánægju með jákvæða þróun margra farsældarvísa og leggur áherslu á að brugðist verði við auknu einelti og versnandi líðan barna sem voru í 4.–5. bekk þegar rannsóknin var lögð fyrir og eru nú í 5.–6. bekk.

Velferðarráð fagnar aukinni þátttöku í félagsmiðstöðvastarfi. Frá 1. september til 11. nóvember 2026 sóttu 615 ungmenni í 8.–10. bekk starfið að minnsta kosti einu sinni. Til samanburðar voru þau 620 á öllu síðasta skólaári.

Góð þátttaka eftir opnun félagsmiðstöðva við Akurskóla og Stapaskóla bendir til þess að nálægð við skóla skipti máli fyrir þátttöku ungmenna. Ráðið leggur áherslu á að efla félagsmiðstöðvastarf sem hluta af forvörnum og stuðningi við farsæld barna og ungmenna. Markmiðið er að bjóða upp á öflugt félagsmiðstöðvastarf við alla grunnskóla Reykjanesbæjar.

9. **Fundargerð samráðshóps um málefni fatlaðs fólks 8. október 2026 (2026110144)**

   Fundargerð samráðshóps um málefni fatlaðs fólks lögð fram.

   Velferðarráð fagnar því að samráðshópur um málefni fatlaðs fólks hafi tekið til starfa.

10. **Fjárhagsaðstoð og sérstakur húsnæðisstuðningur - tölulegar upplýsingar (2026020248)**

    Tölulegar upplýsingar vegna fjárhagsaðstoðar og sérstaks húsnæðisstuðnings í september 2026 lagðar fram.

    Fjárhagsaðstoð

    Í september 2026 fengu 62 einstaklingar greidda fjárhagsaðstoð til framfærslu frá Reykjanesbæ. Alls voru greiddar 8.304.735 kr. í fjárhagsaðstoð til framfærslu eða að meðaltali um 133.947 kr. á hvern einstakling. Fjöldi barna á framfæri foreldra/forráðamanna á fjárhagsaðstoð var 20.

    Í september 2025 fengu 128 einstaklingar greidda fjárhagsaðstoð til framfærslu frá Reykjanesbæ. Alls voru greiddar 13.346.962 kr. í fjárhagsaðstoð til framfærslu eða að meðaltali 104.273 kr. á hvern einstakling. Fjöldi barna á framfæri foreldra/forráðamanna á fjárhagsaðstoð var 54.

    Sérstakur húsnæðisstuðningur

    Í september 2026 fengu 260 einstaklingar greiddan sérstakan húsnæðisstuðning sveitarfélagsins. Samtals voru greiddar 7.479.667 kr.

    Í september 2025 fengu 284 einstaklingar greiddan sérstakan húsnæðisstuðning sveitarfélagsins, samtals 6.844.623 kr.

    Áfrýjunarnefnd

    Frá síðasta fundi velferðarráðs hafa verið haldnir tveir fundir áfrýjunarnefndar ráðsins.

    Þann 21. október 2026 var haldinn fundur þar sem fimm mál voru lögð fyrir nefndina. Þrjú erindi voru samþykkt og tveimur var synjað.

    Þann 9. nóvember 2026 var haldinn fundur þar sem 11 erindi voru lögð fram í 10 málum. Fimm erindi voru samþykkt, fimm synjað og einu erindi frestað.

Velferðarráð þakkar Heru Ósk Einarsdóttur fyrir vel unnin störf og ánægjulegt samstarf. Jafnframt býður ráðið nýjan sviðsstjóra, Maríu Rós Skúladóttur, velkomna til starfa.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:03.

Fundargerð

313. fundur atvinnu- og hafnarráðs Reykjanesbæjar
haldinn á skrifstofu Reykjaneshafnar að Víkurbraut 11
12. nóvember 2026, kl. 15:00

Viðstaddir: Alexander Ragnarsson formaður, Rúnar Fossádal Árnason, Tryggvi Þór Bragason, Sigurður Guðjónsson og Magnús Einþór Áskelsson.

Að auki sat fundinn Halldór Karl Hermannsson, sviðsstjóri atvinnu- og hafnarsviðs, sem ritaði fundargerð.

* * *

1. **Samtal við atvinnulífið (2025120109)**

   Halldóra Guðrún Jónsdóttir, sviðsstjóri þjónustu- og menningarsviðs, sat fundinn undir þessum dagskrárlið.

   Á fundinn mætti Sigurgeir Rúnar Jóhannsson og Magnús Guðmundsson frá Reykjanes Investment. Kynntu þeir þau uppbyggingaráform sem fyrirhuguð eru hjá fyrirtækinu og þá sýn sem þeir hafa á atvinnuþróun svæðisins.

   Atvinnu- og hafnarráð þakkar áhugaverða kynningu á þeirri framtíðarsýn sem Reykjanes Investment hefur á uppbyggingu og atvinnuþróun svæðisins.

2. **Skemmtiferðaskip (2026020459)**

   Halldóra Guðrún Jónsdóttir, sviðsstjóri þjónustu- og menningarsviðs, sat fundinn undir þessum dagskrárlið.

   Dagana 20.-23. október sl. fór fram í Noregi árleg ráðstefna AECO, samtaka leiðangursskipa á Norðurslóðum. Sviðsstjóri þjónustu- og menningarsviðs sótti ráðstefnuna og kynnti þar m.a. áfangastaðinn Reykjanesbæ.

   Atvinnu- og hafnarráð telur mikilvægt að fulltrúar Reykjanesbæjar og Reykjaneshafnar sæki ráðstefnur eins og AECO í Noregi til að fylgja eftir markaðssetningu Reykjanesbæjar sem áfangastaðar fyrir smærri skemmtiferðaskip.

3. **Ímynd og ásýnd Reykjaness (2026080173)**

   Halldóra Guðrún Jónsdóttir, sviðsstjóri þjónustu- og menningarsviðs, sat fundinn undir þessum dagskrárlið.

   Lögð fram fundargerð hagaðilahóps dags. 21. október sl. um ímynd, sérstöðu og sameiginlega framtíðarsýn Reykjaness ásamt fylgiskjölum.

4. **Reykjanes sem áfangastaður - vinnustofa (2026110235)**

   Halldóra Guðrún Jónsdóttir, sviðsstjóri þjónustu- og menningarsviðs, sat fundinn undir þessum dagskrárlið.

   Tölvupóstur frá Markaðsstofu Reykjaness, dags. 5. nóvember 2026, þar sem boðið er til vinnustofu þann 19. nóvember n.k. með samstarfsaðilum um Reykjanes sem áfangastað. Jafnframt er óskað eftir tilnefningu á fulltrúa frá Reykjanesbæ í markaðs- og áfangastaðaþróunarhóp Reykjaness sem verður markaðsstofunni til ráðgjafar um áherslur og forgangsröðun verkefna, greiningu á sameiginlegum tækifærum og áskorunum og styður við áframhaldandi samtal og samstarf um þróun áfangastaðarins.

   Atvinnu- og hafnarráð hvetur sem flesta áhugasama til að taka þátt í vinnustofunni þann 19. nóvember n.k. Jafnframt tilnefnir atvinnu- og hafnarráð Halldóru Guðrúnu Jónsdóttur, sviðsstjóra þjónustu- og menningarsviðs, sem fulltrúa Reykjanesbæjar í markaðs- og áfangastaðaþróunarhópinn.

5. **Ferðamál – áhersluatriði 2027 (2026100152)**

   Halldóra Guðrún Jónsdóttir, sviðsstjóri þjónustu- og menningarsviðs, sat fundinn undir þessum dagskrárlið.

   Lögð fram drög að þeim áhersluatriðum sem horft verður til varðandi ferðamál í Reykjanesbæ árið 2027.

   Atvinnu- og hafnarráð samþykkir fyrirliggjandi drög sem áhersluatriði í ferðamálum 2027.

6. **Atvinnumál – áhersluatriði 2027 (2026100153)**

   Lögð fram drög að þeim áhersluatriðum sem horft verður til varðandi atvinnumál í Reykjanesbæ árið 2027.

   Atvinnu- og hafnarráð samþykkir fyrirliggjandi drög sem áhersluatriði í atvinnumálum 2027.

7. **K64 Hringrásariðngarður (2023100396)**

   Lagt fram minnisblað frá fundi faghóps um Hringrásariðngarð frá 19. október 2026.

8. **Fjárhagsáætlun ársins 2027 (2026070036)**

   Halldór Karl Hermannsson, sviðsstjóri atvinnu- og hafnarsviðs, fór yfir drög að fjárhagsáætlun Reykjaneshafnar fyrir árið 2027 ásamt áætlun til næstu ára þar á eftir. Einnig fór hann yfir fjárfestingar komandi ára.

   Atvinnu- og hafnarráð samþykkir fyrirliggjandi fjárhagsáætlun ársins 2027 ásamt áætlun áranna 2028-2030.

9. **Ársreikningur Reykjaneshafnar 2026 (2026110139)**

   Lagt fram ráðningarbréf frá PricewaterhouseCoopers ehf., sem eru endurskoðendur Reykjaneshafnar, vegna endurskoðunar á reikningum hafnarinnar árið 2026.

   Atvinnu- og hafnarráð samþykkir fyrirliggjandi ráðningarbréf og felur Halldóri Karli Hermannssyni sviðsstjóra atvinnu- og hafnarsviðs að undirrita það.

10. **Njarðvíkurhöfn - brimvarnargarður (2023080391)**

    Lagðar fram verkfundargerðir 19. og 20. funda frá 27. október og 4. nóvember 2026 ásamt verkstöðuyfirlitum en þar kemur fram að uppbyggingu brimvarnargarðsins í Njarðvíkurhöfn er lokið.

11. **Helguvíkurhöfn - Suðurbakki (2024040273)**

    Farið yfir stöðuna á hönnun útboðsgagna vegna uppbyggingar á nýrri hafnaraðstöðu og eldsneytisbirgðastöð á hafnarsvæði Helguvíkurhafnar.

12. **Hafnasambandsþing 2026 (2026080170)**

    Hafnasamband Íslands hélt 45. hafnasambandsþing sitt í Hljómahöll í Reykjanesbæ dagana 22. og 23. október sl. Þingið var haldið í samstarfi við hafnirnar á Suðurnesjum, Grindavíkurhöfn, Reykjaneshöfn og Sandgerðishöfn. Um hundrað þingfulltrúar frá 31 aðildarhöfn sóttu þingið.

    Atvinnu- og hafnarráð lýsir ánægju sinni með hve vel tókst til við framkvæmd þingsins og þakkar starfsmönnum Hljómahallar, starfsmönnum og stjórn hafnasambandsins ásamt samstarfshöfnum fyrir samstarfið við framkvæmdina.

13. **Hafnasamband Íslands - fundargerðir stjórnar 2. og 21. október 2026 (2026020458)**

    Fundargerðir 486. og 487. fundar stjórnar Hafnasambands Íslands frá 2. og 21. október sl. lagðar fram.

14. **Samráðsnefnd atvinnu- og hafnarráðs, skipulagsráðs og umhverfis- og framkvæmdaráðs (2026020457)**

    Fundargerð 29. fundar samráðsnefndar atvinnu- og hafnarráðs, skipulagsráðs og umhverfis- og framkvæmdaráðs frá 11. nóvember 2026 lögð fram.

15. **Njarðvíkurhöfn – leiðarmerki L4490 (2026110143)**

    Leiðarmerki L4490 hefur markað innsiglingu til Njarðvíkurhafnar fram að þessu en nú hefur orðið breyting á innsiglingu hafnarinnar með tilkomu á nýjum brimvarnargarði. Innsiglingin afmarkast nú af innsiglingarljósum á enda varnargarðanna sem mynda innsiglinguna og því ekki þörf á leiðarmerki lengur.

    Atvinnu- og hafnarráð, sem jafnframt er stjórn Reykjaneshafnar, samþykkir að leggja af leiðarmerki L4490 í framhaldi af breyttri aðkomu til Njarðvíkurhafnar.

16. **Njarðvíkurhöfn – skipulag (2025110300)**

    Farið yfir stöðuna á vinnslu aðal- og deiliskipulags í og upp af Njarðvíkurhöfn.

17. **Sjávargata 38 – stækkun lóðar – umsögn (2026070194)**

    Skipulagsráð Reykjanesbæjar hefur samþykkt að senda í grenndarkynningu erindi eiganda fasteignarinnar Sjávargötu 38 um breytingu á húsnæði og stækkun lóðar, en Reykjaneshöfn er landeigandi á svæðinu.

    Reykjaneshöfn er að ljúka vinnu við deiliskipulag fyrir svæðið upp af Njarðvíkurhöfn. Atvinnu- og hafnarráð gerir ekki athugasemd við viðkomandi lóðarstækkun svo lengi sem stækkun lóðarinnar falli að nýju deiliskipulagi og þeim lóðum sem eru á svæðinu.

18. **Bergvík – breyting á deiliskipulagi - umsögn (2026110145)**

    Suðurnesjabær hefur óskað eftir umsögn Reykjaneshafnar um skipulagstillöguna Bergvík – breyting á aðalskipulagi, nr. 1040/2025.

    Atvinnu- og hafnarráð, sem jafnframt er stjórn Reykjaneshafnar, ítrekar fyrri umsögn um skipulagið.

19. **Samtök atvinnurekenda á Reykjanesi – SAR – aðalfundur 2026 (2026110146)**

    Aðalfundur Samtaka atvinnurekenda á Reykjanesi, SAR, fór fram fimmtudaginn 5. nóvember sl. Farið var yfir það sem fram kom á fundinum.

20. **Mælaborð atvinnu- og hafnarsviðs (2026050014)**

    Halldór K. Hermannsson, sviðsstjóri atvinnu- og hafnarsviðs, fór yfir mælaborð sviðsins fyrir fyrstu 9 mánuði rekstrarársins.

21. **Upplýsingagjöf sviðsstjóra (2026010379)**

    Halldór K. Hermannsson, sviðsstjóri atvinnu- og hafnarsviðs, fór yfir stöðu ýmissa mála er varða starfsemi sviðsins.

    _____

    Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:05.

Fundargerð

401. fundur menntaráðs Reykjanesbæjar, fundarstaður Grænásbraut 910
13. nóvember 2026, kl. 08:15

Viðstaddir: Berglind Ragnarsdóttir formaður, Díana Hilmarsdóttir, Bjarni Halldór Heiðuson, Ragnar Már Ragnarsson og Sigrún Þorsteinsdóttir.

Að auki sátu fundinn Hlynur Jónsson fulltrúi skólastjóra grunnskóla, Helgi Arnarson sviðsstjóri menntasviðs, Haraldur Axel Einarsson grunnskólafulltrúi og Aðalheiður Ósk Gunnarsdóttir ritari.

* * *

1. **Tónlistarskóli Reykjanesbæjar (2026050082)**

   Haraldur Árni Haraldsson, skólastjóri Tónlistarskóla Reykjanesbæjar, sat fundinn undir þessum dagskrárlið. Hann gerði grein fyrir helstu atriðum í starfsemi skólans og fór yfir upplýsingar um starfsárið 2026-2027. Nemendur skólans eru nú alls 997. Fjöldi starfsfólks er 52 í 38 stöðugildum.

   Listnám er mikilvægur hluti af heildstæðri menntun barna og ungmenna. Það eflir sköpun, sjálfstjáningu, aga og félagsfærni og hefur jafnframt mikið gildi fyrir menningar- og samfélagslíf Reykjanesbæjar. Menntaráð leggur áherslu á að standa vörð um öflugt tónlistarnám og stuðla að góðum tengslum tónlistarskólans við grunnskóla og aðrar menningarstofnanir bæjarins.

   Ráðið fagnar nýsköpun innan tónlistarskólans sem sést meðal annars á viljayfirlýsingu um samstarf á milli tónlistarskólans, Norðuróps og Þjóðaróperunnar og Erasmus+ verkefninu sem tónlistarskólinn tekur þátt í.

   Menntaráð tekur jafnframt alvarlega þær áskoranir sem fram komu varðandi menntun tónlistarkennara og óskar eftir greinargerð frá skólastjóra tónlistarskólans um málið.

2. **Starfsáætlanir grunnskóla Reykjanesbæjar 2026-2027 (2026090448)**

   Starfsáætlanir grunnskóla Reykjanesbæjar fyrir skólaárið 2026-2027 lagðar fram.

   Menntaráð hefur tekið starfsáætlanir grunnskóla Reykjanesbæjar fyrir skólaárið 2026–2027 til umfjöllunar.

   Að fenginni staðfestingu menntasviðs á að starfsáætlanirnar hafi hlotið lögbundna umfjöllun skólaráða og verið yfirfarnar með tilliti til grunnskólalaga, reglugerða, aðalnámskrár, kjarasamninga og ákvarðana sveitarfélagsins, staðfestir menntaráð starfsáætlanirnar.

Menntaráð leggur áherslu á að markmið starfsáætlananna séu eftir því sem við á skýr, mælanleg og tengd við innra mat skólanna og fyrirhugað mælaborð grunnskólastarfs. Ráðið hvetur til meiri samræmingar á skipuritum skólanna.

Starfsáætlanir verða aðgengilegar á heimasíðum skólanna.

3. **Mælaborð menntasviðs - 9 mánaða uppgjör (2026060250)**

   Helgi Arnarson sviðsstjóri menntasviðs kynnti mælaborð sviðsins fyrir janúar til september 2026.

   Menntaráð þakkar sviðsstjóra fyrir greinargóða kynningu á mælaborði menntasviðs fyrir þriðja ársfjórðung 2026. Ráðið fagnar sterkum niðurstöðum í starfsánægju og meðmælastuðli starfsfólks, enda er stöðugleiki og vellíðan starfsfólks mikilvæg forsenda gæða í skólastarfi.

   Ráðið leggur jafnframt áherslu á að fylgst verði náið með þróun launakostnaðar, veikindahlutfalls og kostnaðar vegna langtímaveikinda og að ráðið fái reglulega upplýsingar um skýringar frávika og fyrirhuguð viðbrögð.

   Ráðið leggur áherslu á að fjárhagsáætlun næsta árs sýni raunverulega stöðu og til þess að það sé mögulegt telur ráðið nauðsynlegt að áætlað verði fyrir langtímaveikindum.

   Menntaráð óskar eftir að áframhaldandi þróun mælaborðsins feli einnig í sér skýra mælikvarða á árangur og gæði skólastarfs, meðal annars varðandi skólasókn, læsi, líðan nemenda, námsframvindu og aðgengi að stuðningi. Þannig geti mælaborðið nýst ráðinu markvisst við stefnumótun, forgangsröðun og eftirfylgni.

4. **Fjárhagsáætlun menntasviðs 2027 (2026070036)**

   Helgi Arnarson sviðsstjóri menntasviðs og Haraldur Axel Einarsson grunnskólafulltrúi fóru yfir helstu lykiltölur í drögum að fjárhagsáætlun menntasviðs fyrir árið 2027.

   Menntaráð þakkar framlagða kynningu á drögum að fjárheimildum menntasviðs fyrir árið 2027. Mikilvægt er að fjárheimildir taki mið af fjölda barna, stuðningsþörf þeirra og nauðsynlegri mönnun svo tryggja megi gæði og samfellu í þjónustu.

5. **Tillaga um gjaldfrjálsa frístund fyrir 1. bekk - kostnaðarmat (2026070036)**

   Helgi Arnarson sviðsstjóri menntasviðs lagði fram kostnaðarmat vegna tillögu sem lögð var fram á fundi menntaráðs 9. október 2026 um gjaldfrjálst frístundaheimili fyrir börn í 1. bekk grunnskóla Reykjanesbæjar.

   Menntaráð þakkar fyrir framlagt minnisblað og þá umræðu sem tillagan hefur skapað. Ráðið tekur undir mikilvægi þess að fjárhagsleg staða fjölskyldna komi ekki í veg fyrir að börn geti tekið þátt í frístundastarfi.

   Ráðið telur mikilvægt að til staðar séu úrræði til að bregðast við og styðja þær fjölskyldur sem hafa ekki ráð á að nýta þjónustuna en fyrir liggur að um 90% barna í 1. bekk nýta nú þegar frístundaþjónustu auk þess sem yfir stendur vinna við yfirfærslu þjónustunnar frá grunnskólunum til frístundamiðstöðvar. Fyrirliggjandi kostnaðarmat gerir ráð fyrir að árleg áhrif á fjárhag sveitarfélagsins verði 69,4 m.kr. verði dvalargjöld felld niður en fæðisgjald áfram innheimt, og 79,6 m.kr. verði bæði dvalar- og fæðisgjöld felld niður. Miðað við núverandi fjárhagsáætlun er erfitt að réttlæta viðbótarfjármagn vegna niðurfellingar gjalda í frístund.

Því telur ráðið ekki tímabært að svo stöddu að halda þessari vinnu áfram en telur mikilvægt að fylgst verði grannt með þátttöku barna í frístund og er ráðið tilbúið að grípa inn í ef það telur ástæðu til.

Díana Hilmarsdóttir (B) lagði fram eftirfarandi bókun:

„Fulltrúi Framsóknar lýsir yfir vonbrigðum með að tillögu um gjaldfrjáls frístundaheimili fyrir börn í 1. bekk grunnskóla Reykjanesbæjar hafi verið hafnað fyrir fjárhagsáætlunargerð ársins 2027.

Markmið tillögunnar var að létta fjárhagslega undir með barnafjölskyldum og stuðla að jöfnum tækifærum barna til félagslegrar þátttöku við upphaf grunnskólagöngu. Hátt þátttökuhlutfall í frístundaheimilum undirstrikar mikilvægi þjónustunnar fyrir börn og fjölskyldur þeirra.

Fyrir liggur kostnaðarmat hagdeildar Reykjanesbæjar þar sem metnar eru tvær útfærslur tillögunnar. Samkvæmt því hefði kostnaður við niðurfellingu dvalargjalda frá 1. ágúst 2027, með áframhaldandi gjaldtöku fyrir síðdegishressingu, verið undir 30 milljónum króna á tímabilinu ágúst til desember 2027.

Fulltrúi Framsóknar telur að kostnaðarmatið hafi gefið tilefni til að vinna tillöguna áfram og skoða útfærslu hennar og gildistöku í tengslum við fjárhagsáætlun 2027. Með höfnun tillögunnar er ekki stigið það skref sem lagt var til í átt að minni gjaldtöku og jafnari tækifærum barna til þátttöku í frístundastarfi.

Gjaldfrjáls frístund getur jafnframt haft sérstakt gildi fyrir börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn þar sem aukin þátttaka veitir fleiri tækifæri til að efla íslenskukunnáttu, félagsleg tengsl og virkni í íslensku málumhverfi.

Fulltrúi Framsóknar telur mikilvægt að sveitarfélagið leiti áfram leiða til að draga úr fjárhagslegum hindrunum fyrir barnafjölskyldur.“

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:15.